



Apríl 2026

Spot Matching System (SMS litakerfið) er íslenskt litakerfi hannað og þróað samhliða fyrir **4 lita prentun** (CMYK), **vef** og **sjónvarp** af undirrituðum og er Spot-Nordic framleiðandi kerfisins. Kerfið var fyrst kynnt í desember 2018.

Fyrirtæki á okkar tímum leggja æ minni áherslu á prentað efni og æ meiri áherslu á auglýsingar og kynningar á samfélagsmiðlum. SMS litir eru afhentir í sRGB sniði - í PDF og ASE sniði þannig að hægt er að hlaða SMS litunum beint inn í t.d. Illustrator, Photoshop eða Affinity og þaðan er svo hægt að snúa litunum beint yfir í CMYK fyrir prentun, en CMYK er langsamlega algengast prentaðferð sem notuð er í heiminum í dag, eins og flestir vita..

SMS litir henta því mun betur fyrir almenna vörumerkjahönnun en litakerfi sem eru smíðuð fyrir sérlítaprentun.

Kynningarmyndbönd sem sýna hvernig á að nota SMS liti í hönnun er að finna á vefsíðunni www.spotmatchingsystem.com/info.

Við mælum með að hönnuðir noti SMS liti í grunnhönnun og velji sér frekar sérliti úr Pantone litakerfinu, RAL, Avery eða NCS eftir að búið er að velja SMS lit sem hentar, ef þörf krefur.

Við mælum og sérstaklega með að auglýsingastofur og prentsmiðjur noti SMS READY control strip litaborðann okkar sem er hægt að sækja frítt á síðuna www.spotmatchingsystem.com/technical/smsready/smstest en hann gerir bæði hönnuði og prentara kleift að athuga hvort litir í hvaða CMYK layouti sem er séu réttir eða ekki - hvort sem SMS litir eru notaðir innan layoutsins eða ekki, - sjá nánar mynd hér að neðan (SMS READY verkflæði).

Prentsmiðjur af flestu tagi geta prentað SMS liti rétt, hvort sem um er að ræða offset prentsmiðjur, gravure, flexo eða stafrænar prentsmiðjur - eða blandaðar prentsmiðjur. SMS litakerfið byggir á þrautreyndri tækni með icc litastjórnun, - sömu tækni og nýtt er við litastjórnun litmynda í prentun, - skv. ISO 12647 staðli (sbr. t.d. FOGRA39 /ISO Coated v2). Þar að auki er hægt að prenta SMS liti út á venjulega prófarkaprentara ef viðskiptavinur vill fá litréttu prófórk til samþykkis áður en prentun fer fram.

Með því að velja SMS liti sem grunnliti sína í stað lita úr öðrum og eldri “analog” litakerfum, geta fyrirtæki og stofnanir í fyrsta skipti samræmt og staðlað liti sína, stafrænt og sjónrænt á milli allra helstu miðla í markaðssetningu sinni, - fyrir vef, fyrir sjónvarp og fyrir prentun, hvort sem prentað er á Íslandi eða erlendis.

SMS er eina litakerfið í heiminum sem býður upp á algjöra litsamræmingu fyrir helstu miðla - sem þýðir að ef þú ert með rétt kvarðaðan skjá, þá eiga SMS litirnir sem þú sérð á skjánum í sRGB sniði að líta eins út og sömu litir prentaðir í CMYK sniði á rétt kvarðaða prentvél/prentara, hvort sem er á húðaðan eða óhúðaðan pappír, hvort sem um er að ræða analog prentvél eða stafræna.

Önnur litakerfi á markaðnum eru “analog” í grunninn - byggð á föstum uppskriftum og því breytast litir þeirra frá einum miðli til annars / frá einni pappírsgerð yfir í aðra ef sami liturinn er notaður (sbr. munur á Pantone C og Pantone U litum), auk þess sem litir þeirra eru ekki hannaðir fyrir litaskjá af nokkru tagi né stafræna prentun.

Þar eð SMS litapalettarnar eru afhentar í stafrænu sRGB sniði, þurfa auglýsingastofur ekki lengur að kaupa dýrar, prentaðar litabækur til að skoða og sýna viðskiptavinum sínum SMS liti sem mælt er með.

Hönnuður getur í raun valið SMS liti beint af skjá, sent viðskiptavini hugmyndir að grunnlitum til að byrja með (með tölvupósti), klárað hönnunina og sent viðskiptavini síðan endanlega útgáfu af nýju merki eða annarri hönnun í SMS litum - þess vegna beint í síma viðkomandi - eða sett upp vefsíðu fyrir viðkomandi viðskiptavin með öllum afbrigðum viðkomandi hönnunar, - fyrir prentun, vef og sjónvarp. Við mælum þó eindregið með að viðskiptavinir skoði SMS liti til að meta þá eingöngu á kvörðuðum skjám, hvort sem er fartölvu eða frístandandi skjám.

Hægt er að kaupa vandaða skjástilla hjá Spot-Nordic frá kr. 34.900 án vsk til að tryggja að skjárinn sýni sem réttasta liti og sömuleiðis vandaða litamæla sem hægt er að nota til að mæla lit af flötu yfirborði og finna þann SMS lit sem er líkastur - sjá www.spot-nordic.com/islenska/tiptop.

Spot-Nordic býður jafnframt kaupendum TECHKON SpectroDens litrófsmæla (Advanced og Premium), https://spot-nordic.com/islenska/TECHKON_2025.pdf frían aðgang að öllum nýjustu litasöfnum SMS - útgáfu 7 sem hægt er að hlaða niður í mælinn eftir þörfum með tengingu við TECHKON Spectro Connect hugbúnaðinn.



SMS litakerfið er rétta litakerfið ef einsleitni í völdum litum fyrir helstu miðla er markmiðið og telst það eðlilegt markmið t.d. í grunnhönnun fyrirtækjamerkja (lógóa) og vörumerkja hverskonar, sem þurfa að vera hönnuð frá grunni fyrir auglýsingabirtingar í öllum miðlum nútímans.

Það er einfaldlega fagmannlegt að skilgreina allavega grunnliti fyrirtækja og stofnana þannig að þeir breytist ekki á milli miðla og þá er einfaldasta leiðin að nota SMS liti í grunnhönnun.

Auk þess að lágmarka hættu á litasveiflum í opinberri kynningu fyrirtækisins, eru fyrirtæki sem velja SMS liti að *lágmarka kolefnisfótspor sitt*.

Með því að prenta allt efni í CMYK í stað sérlita geta fyrirtæki minnkað kolefnisfótspor við viðkomandi prentun um allt að helming. Nánari upplýsingar og rökstuðning fyrir þessari staðhæfingu er að finna á vefsíðunni www.spotmatchingsystem.com/environment.

SMS litakerfið er nú fáanlegt í 6 mismunandi útfærslum; **Standard** útgáfu, **ECO** útgáfu og **MAX** útgáfu, **Standard** Home & Office og **MAX** Home & Office og nýjasta útgáfan er SuperMAX. Hver útgáfa inniheldur 2.607 liti sem notandi getur síðan blandað stafrænt saman ef þörf krefur.

Standard útgáfa SMS (upprunalega útgáfan) hentar fyrir alla hönnun og auglýsingagerð fyrir alla miðla, vef, sjónvarp og prentun skv. alþjóðastöðlum. Standard SMS litirnir henta fyrir 4 lita/process prentun á hvítan, húðaðan og óhúðaðan pappír skv. Fogra 39, Fogra 47, Fogra 51 og Fogra 52 og sambærilega GRACOL/G7 prentun.

ECO útgáfan er hönnuð sérstaklega með umhverfismeðvitaða viðskiptavini í huga og hentar fyrir alla hönnun og auglýsingagerð fyrir alla miðla, vef, sjónvarp og prentun skv. alþjóðastöðlum. ECO litirnir eru fáanlegir fyrir 4 lita/process prentun á bæði hvítan sem og "off-white" pappír, húðaðan og óhúðaðan (s.s. Munken Pure) og endurnýjanlegan pappír og hentar einnig fyrir dagblaðaprentun. ECO litirnir henta fyrir prentun skv. Fogra 39, Fogra 47, Fogra 51 og Fogra 52, GRACOL/G7 og SWOP stöðlum sem og WAN-IFRA staðlinum fyrir dagblaðaprentun auk Munken Pure icc prófilsins.

MAX útgáfan hentar vel fyrir umbúðahönnun og markaðssetningu fyrir alla miðla, vef, sjónvarp og prentun skv. alþjóðastöðlum. MAX litirnir eru dýpri og bjartari en Standard og ECO palettarnar. MAX litirnir henta fyrir 4 lita/process prentun á hvítan, húðaðan pappír skv. FOGRA39, FOGRA51 og samsvarandi GRACOL/G7.

SuperMAX útgáfan hentar vel fyrir umbúðahönnun og markaðssetningu fyrir alla miðla, vef, sjónvarp og sérhæfða ECG prentun. SuperMAX litirnir eru enn dýpri og bjartari en MAX palettarnar. SuperMAX litirnir henta fyrst og fremst fyrir sérhæfða umbúðaprentun á hvítan, húðaðan pappír skv. FOGRA59/eciCMYKv2, CRPC7 og XCMYK stöðlum (Extended Colour Gamut/ECG - sbr. CMYKOGV).

Við kynnum 5 nýjar SMS vörur + 6 nýja SMS pakka (sjá verðskrá hér að neðan)

SMS Brand Colour Passport er vegabréf fyrir liti fyrirtækja þar sem viðkomandi vörumerki og SMS litir viðkomandi merkis eru sýndir í kúrvu sniði ásamt LAB gildi viðkomandi SMS lita og leiðbeiningum fyrir notendur - vefsmiði. sjónvarpsstöðvar eða prentsmiðjur um hvernig á að færa viðkomandi liti yfir í þeirra litasvið til að tryggja stöðuleika viðkomandi lita. Hin varan sem við höfum bætt við er einfaldari og ódýrari útgáfa af **SMS READY vottun fyrir prentsmiðjur** sem vilja bjóða upp á prentun SMS lita, svokölluð grunnvottun.

Við bjóðum nú einnig glænýja vöru: SMS SKINo - 11 SMS húðtónar sem hjálpa fagfólki eð halda húðlit eðlilegum í 4 lita prentun. Við kynnum uppfærslu á einni elstu SMS vörunni - P6, - SMS litasýnishorninu sem nú er fáanlegt bæði stafrænt, sem og fyrir húðaðan og óhúðaðan pappír. Síðast mætti nefna samtals 6 pakka sem innihalda SMS litakerfi og vöru frá Calibrite (skjástillar) og Pantone.

SMS áskrift

Stærri fyrirtækjum, stofnunum og vörumerkjum býðst að gerast **áskrifendur** að SMS. Áskriftargjaldið er kr. 142.500 án vsk á ári sem leggur sig út á tæpar 12.000 krónur án vsk á mánuði. Auglýsingastofur geta skráð staka viðskiptavini eða stök vörumerki í áskrift eða haft milligöngu um slíkt. Innifalið í áskrift til fyrirtækja, stofnana, vörumerkja eða auglýsingastofa þeirra eru CMYK afbrigði SMS lita eða sérsniðið SMS lógó/merki eða layout og litir í eins mörgum prent útfærslum og þörf krefur. Innifalið í áskrift er



sRGB litapaletta með merktum SMS litum (P20) í öllum sex útfærslum kerfisins, samtals 15.642 litir og tæknileg ráðgjöf eftir þörfum, þ.m.t. samskipti við auglýsingastofur og prentsmiðjur til að hjálpa við að fyrirbyggja mannleg mistök í vinnslu og prentun SMS lita. SMS litavegabréf er innifalið í SMS áskrift.

SMS áskrift er þægilegasta og öruggasta leiðin fyrir stærri fyrirtæki og stofnanir þar eð Spot-Nordic getur aðstoðað við val á litum og séð alfarið um að umbreyta litum viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar yfir í það form sem hentar hverju sinni - auk þess að styðja bæði hönnuð og framleiðanda til að tryggja bestu mögulega útkomu lita þeirra fyrir alla miðla. Viðbótar kostur við SMS áskrift er að þar eð viðkomandi áskrifandi beinir viðskiptum sínum helst eingöngu til prentsmiðja sem eru með SMS vottun, er að verulega dregur úr sveiflum í prentun ljósmynda samhliða lágmarks sveiflum í prentun SMS lita með því að vinna eingöngu með SMS READY vottuðum prentsmiðjum.

Sérhæfð þekking Spot-Nordic í öllu sem snýr að litum og prentun, með áherslu á prentun skv. ISO 12647 staðliinum veitir framleiðendum og prenturum einnig ákveðið aðhald þegar kemur að gæðaeftirliti.

Auglýsingastofur sem vilja bjóða opinberlega upp á hönnun með SMS litum geta fengið svokallaða SMS READY vottun og fengið þjálfun í færslu og meðferð SMS lita á milli litaryma. Verð fyrir þennan pakka er kr. 89.900 án vsk. Innifaldar eru allar 6 litapalettur SMS í sRGB sniði og aðgangur að litapjónustu Spot-Nordic samkvæmt verðskrá. Auglýsingastofur sem kaupa þennan pakka geta skráð vörumerki hjá Spot-Nordic (sent sRGB útgáfu af viðkomandi vörumerki) sér að kostnaðarlausu til að flýta fyrir þjónustu við viðkomandi vörumerki og til að draga úr hættu á mistökum.

Prentsmiðjur í öllum geirum prentunar sem vilja bjóða opinberlega upp á prentun SMS lita fyrir viðskiptavinum sína geta sótt um SMS READY vottun ef vikmörk prentunar á SMS litum í 4 lit (CMYK) eða fyrir víkkað litasvið (Extended Gamut - sbr. CMYKOGV) eru innan við dE00 upp á 3 að hámarki í framleiðslu. Í boði er annarsvegar **full vottun**, þar sem allir SMS litir viðkomandi SMS litapalettu eru prentaðir og skoðaðir og hinsvegar **grunnvottun** sem prófar eingöngu prentun SMS READY control strip litaborðans.

Báðar vottanir gefa góð fyrirheit um prentun SMS lita innan sama litasviðs- og samhliða góð fyrirheit í prentun ljósmynda skv. prentstaðli viðkomandi prentsmiðju.

Hver prentsmiðja ákveður sín eigin vikmörk og er ábyrg gagnvart eigin viðskiptavinum.

SMS READY prentsmiðjum með fulla vottun er heimilt að prenta SMS litabækur fyrir viðskiptavinum sína með kynningu á eigin þjónustu sem þær geta annaðhvort gefið eða selt.

Prentsmiðjur geta haft samband við Spot-Nordic og fengið prufu prentliti (SMS Control Strip - sjá mynd á næstu síðu) í því prentsníði sem óskað er eftir - sjá www.spotmatchingsystem.com/technical/smsready/smstest til að kanna raunstöðu þegar kemur að nákvæmni í litaprentun og geta sótt um SMS READY vottun í framhaldinu.

Grunnurinn fyrir rétta og örugga notkun SMS lita er sá að prentsmiðja eða framleiðandi er almennt ekki látin um að umbreyta SMS litum frá RGB yfir í CMYK. Notandinn - þ.e. hönnuður sér almennt um að umbreyta SMS litum frá sRGB yfir í endanlega CMYK útgáfu og viðkomandi CMYK icc prófill er svo embedaður með viðkomandi skjali til að fyrirbyggja misskilning, t.d. þegar kemur að vali á pappír. Prentsmiðjur láta viðskiptavinum sínum stundum í té CMYK icc prófíla sem þá þá er best að nota fyrir bestu mögulega niðurstöðu í hverju tilfelli - sjá mynd hér að neðan sem sýnir verkferli SMS frá hönnun að prentun. Óhætt er að setja RGB ljósmyndir inn í sama skjal með CMYK SMS litunum og sér þá prentsmiðjan eingöngu um að umbreyta þeim yfir í CMYK, en láta SMS litina almennt vera - sjá www.spotmatchingsystem.com/info.

Spot-Nordic er umboðsaðili fyrir mörg öflugustu fyrirtæki heims í framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir litastjórnun og aðstoðum við prentsmiðjur í öllum geirum við að prenta rétt samkvæmt ISO stöðlum, bæði á húðaðan og óhúðaðan pappír, sé þess óskað, t.d. skv. Fogra 39, Fogra 47, Fogra 51 eða Fogra 52 eða skv. GRACOL/G7 stöðlum og bjóðum til sölu búnað sem gerir prentsmiðjum kleift að ná sjálfum fullkominni stjórn yfir litaprentun og samræmi í litprentun á milli prentvéla sem aftur gerir þeim kleift að prenta samkvæmt ISO 12647 staðli, hvort sem er skv. Fogra eða G7, - eða hvorttveggja.

Við bjóðum bæði auglýsingastofum og prentsmiðjum flest sem þarf til að ná fullum tókum á litastjórnun fyrir skjá og fyrir prentun - sjá nánari upplýsingar á vefsíðunni <https://spot-nordic.com/islenska/tiptop>



SPOT

matching system



SPOT

matching system



Step 1

Paper chosen for the job. Check with the print shop if that paper is available, - or pick an alternative that is available. Agree on CMYK icc profile based on the paper.

Job prepared.

All SMS colour graphics converted to the agreed upon CMYK print standard (Fogra or G7 for instance). SMS control strip included within the job if possible, along with the SMS colours to be printed.

Images (300 dpi) either left in Adobe RGB format or converted to the CMYK destination.

PDF exported in Press Ready format with the CMYK icc profile embedded.

SMS READY Expert at the agency should double check all SMS colours before the PDF is sent.



Step 2

PDF received by the print shop.

SMS READY Expert on site double checks all SMS colours or at least the SMS control strip and makes sure that they are correct, before sending the PDF to prepress.

Job description is written, including to what print standard the job should be printed.

Paper allocated. The embedded CMYK icc profile should fit the chosen papertype.

If something is unclear, contact agency and get confirmation of paper, including grammage in writing.



Step 3

The job is printed.

The printer/press operator should measure the SMS control strip colours and confirm that all colours are within the requested dE00 that the SMS READY print shop has promised.

If the colours of the SMS control strip are out of dE00, something is wrong.

If the dE00 of the SMS control strip is as expected it is safe to print the job.

SMS G-20

SMS J-20

SMS K-20

SMS READY



SMS kennsla - SMS READY Expert diplómunám

Verð fyrir SMS READY EXPERT vottun er kr. 37.500 án vsk. Innifalið í verðinu er 1 SMS litakerfi að eigin vali,, aðstoð yfir netið eða í síma eða jafnvel á staðnum á höfuðborgarsvæðinu og diplóma þegar viðkomandi hefur náð að skila inn verkefnum í réttu sniði.

Þessi vottun hefur ekkert með hæfni viðkomandi sem hönnuðar að gera, heldur prófar eingöngu tæknilega getu viðkomandi til að nota SMS liti í hönnun og til að færa SMS liti rétt á milli litaryma á réttan hátt. SMS READY Expert þjálfun fyrir 1 starfsmann er innifalin í stærri þökkum og SMS áskrift.

Nánari upplýsingar um SMS READY Expert þjálfunina er að finna á vefsíðunni www.spotmatchingsystem.com/experts.

Bein kaup eða panta á vefnum.

Fyrirtæki á Íslandi geta pantað SMS vörur beint hjá Spot-Nordic en einnig geta fyrirtæki og einstaklingar keypt helstu SMS vörur á vefsíðunni <https://www.spot-nordic.com/shop>.

Verð þar eru uppgefin í Evrum og eru þá mjög nálægt þeim verðum sem eru gefin upp hér að neðan. Hægt er að greiða með bankamillifærslu eða greiða með debet eða kreditkorti í gegnum PayPal greiðslumiðlunina.

24% virðisaukaskattur bætist við verð vara sem eru pantaðar í vefverslun okkar frá Íslandi.



SWITCH (vörunúmer P10) er einfaldasta og fljótlegasta leiðin fyrir fyrirtæki og vörumerki til að færa vörumerkið sitt yfir í 3C (Cross-Media, Colour Consistency) SMS litasviðið.

Sendið einfaldlega sRGB (vefútgáfu) viðkomandi vörumerkis til okkar í annaðhvort PDF eða PNG sniði með þeim upplýsingum sem til eru um viðkomandi vörumerki.

Einnig er heimilt að bæta við t.d. ljósmyndum og aukalitum sem óskað er eftir að séu fest innan ákveðins SMS litakerfis - ECO, Standard, Standard Home & Office, MAX, MAX Home & Office eða SuperMAX - eftir þörfum hvers og eins.

Hafi hönnuður skýrt sína liti með tilteknum nöfnum er hægt að halda þeim nöfnum, lit fyrir lit og SMS númeri er einfaldlega bætt fyrir framan til aðgreiningar frá gömlu litunum - t.d. SMS EK5 Dimmblár, EK6 Mórauður o.s.frv.

Innifalið í SWITCH er lífstíðarskráning á viðkomandi vörumerki hjá Spot-Nordic og aðgangur að litþjónustu Spot-Nordic.

SWITCH hentar vörumerkjum/fyrirtækjum/stofnunum sem eru í grunninn ánægð með vörumerkið sitt en vilja einfaldlega tryggja sem best að það breytist ekki sjónrænt þegar það er fært frá einum miðli til annars.

Hægt er að kaupa SWITCH útgáfu af hvaða vörumerki sem er og nota það svo eftir þörfum - eða alls ekki ef menn eru ekki sáttir við litina.

Íslenskir SWITCH viðskiptavinir fá liti sína/merki afhenta í sRGB sniði fyrir vef og í FOGRA39 sniði fyrir CMYK prentun á húðaðan pappír.

Verð kr. 26.900 án vsk per vörumerki/fyrirtæki/stofnun



S P O T

matching system

<p>SKU P20e v7</p> <p>2.607 labelled ECO colours in sRGB format</p>	<p>SMS P20e ECO, útgáfa 7 (hentar fyrir P60 litrýmið) sRGB afhent í PDF og ASE sniði. 2.607 litir fyrir alla hönnun. Off-white, mildir litir bestaðir fyrir dagblaðaprentun skv. WAN-IFRA / ISO 12647-3. Hægt að færa yfir í flest litasvið - sjá hér. Hentar fyrir flesta skjái, þar með talið "venjulega" PC fartölvuskjái sem sýna c.a. 45% af NTSC / 60% af sRGB litasviðinu. Innifaldar eru 10 SMS vörumerkjaskráningar.</p> <p>Kr. 20.900 án vsk</p>
<p>SKU P20 v7</p> <p>2.607 labelled Standard colours in sRGB format</p>	<p>SMS P20 Standard, útgáfa 7 sRGB (hentar fyrir vef og app hönnun) afhent í PDF og ASE sniði 2.607 litir fyrir alla hönnun. Náttúrulegir, fallegir litir, bestaðir fyrir prentun skv. Fogra 39 og Fogra 47 (hvítur, húðaður eða óhúðaður pappír/hvít efni). Hentar fyrir skjái sem sýna allavega 100% sRGB litarými.</p> <p>Kr. 20.900 án vsk</p>
<p>SKU P20x v7</p> <p>2.607 labelled MAX colours in sRGB format</p>	<p>SMS P20x MAX, útgáfa 7 sRGB (hentar fyrir vef og app hönnun) afhent í PDF og ASE sniði 2.607 litir fyrir alla hönnun. Bjartir, fallegir litir, bestaðir fyrir prentun skv. Fogra 39 (hvítur, húðaður pappír/hvít lokuð efni). Hentar fyrir skjái sem sýna allavega 100% sRGB litarými.</p> <p>Kr. 20.900 án vsk</p>
<p>SKU P20o v7</p> <p>2.607 labelled Standard colours in sRGB format. Home & Office</p>	<p>SMS P20o Standard, útgáfa 7 - HOME & OFFICE (P60 litrými) sRGB (hentar fyrir vef og app hönnun) afhent í PDF og ASE sniði 2.607 litir fyrir alla hönnun. Náttúrulegir, fallegir litir, bestaðir fyrir prentun skv. Fogra 39 og Fogra 47 (hvítur, húðaður eða óhúðaður pappír/efni). Litir aðlagðir að "venjulegum ódýrari PC fartölvuskjäum" með allavega 45% NTSC / 60% sRGB litarými, fyrir hámarks samræmi valinna SMS lita fyrir nánast alla sem nota tölvu.</p> <p>Kr. 20.900 án vsk</p>
<p>SKU P20xo v7</p> <p>2.607 labelled MAX colours in sRGB format Home & Office</p>	<p>SMS P20xo MAX, útgáfa 7. HOME & OFFICE (P60 litrými) sRGB afhent í PDF og ASE sniði. 2.607 litir fyrir alla hönnun. Bjartir, fallegir litir, bestaðir fyrir prentun skv. Fogra 39 (hvítur, húðaður pappír/hvít lokuð efni). Litir aðlagðir að "venjulegum ódýrari PC fartölvuskjäum" með allavega 45% NTSC / 60% sRGB litarými, fyrir hámarks samræmi valinna SMS lita fyrir nánast alla sem á annað borð nota tölvu.</p> <p>Kr. 20.900 án vsk</p>
<p>SKU P20sx v7</p> <p>2.607 labelled SuperMAX colours in sRGB format</p>	<p>SMS P20sx SuperMAX, útgáfa 7. sRGB afhent í PDF og ASE sniði. 2.607 litir fyrir umbúðahönnun. Bjartir, fallegir litir, bestaðir fyrir stærri litarými en CMYK fyrir prentun á húðaðan, hvítan pappír/efni. Hentar fyrir skjái sem sýna allavega 100% sRGB litarými.</p> <p>Kr. 20.900 án vsk</p>






SPOT

matching system

 <p>SKU P20SKINo v1</p> <p>11 natural SMS skin tones in sRGB format</p>	<p>SMS P20SKINo v1 - SMS húðtónar</p> <p>sRGB afhent í PDF og ASE sniði.</p> <p>11 húðtónar víðsvegar að úr heiminum, frá ljósum húðtón Norður Evrópu til dimmustu myrkviða Afríku og allt þar á milli. Litirnir eru smíðaðir innan litasviðs SMS Standard Home & Office og hentar þeir því fyrir prentun á húðaðan og óhúðaðan pappír. Fyrir tilviljun er einnig öruggt að nota þá fyrir dagblaðaprentun (sbr. ECO).</p> <p>Hentar fyrir skjái sem sýna <u>allavega</u> 60% sRGB litarymi.</p> <p>Kr. 7.400 án vsk</p>
 <p>SMS SWITCH P10</p>	<p>SMS SWITCH P10 - sjá nánar hér að ofan</p> <p>Afhent í PDF sniði, sRGB. Hægt að velja um SMS Standard, ECO, MAX, Standard Home & Office, MAX Home & Office eða SuperMAX liti - sjá hér að neðan.</p> <p>Sendið okkur merki (lógó) eða layout í allavega 72 ppi upplausn.</p> <p>Kr. 26.900 án vsk per vörumerki.</p>
 <p>SMS G-20 SMS J-20 SMS K-20</p> <p>SMS READY</p> <p>Design Agency</p> <p>Name of agency</p> <p>PRINT GRAPHICS WEB GRAPHICS VIDEO GRAPHICS</p>	<p>SMS P-43 - SMS READY vottun fyrir auglýsingastofur</p> <p>Vottunin staðfestir að viðkomandi stofa hafi þekkingu til að nota SMS liti í hönnun fyrir viðskiptavinum fyrir helstu miðla (vef, prentun og sjónvarp). SMS READY Expert kennsla fyrir 1 starfsmann og allar 6 litapalettur SMS litakerfisins eru innifaldar í verðinu.</p> <p>Kr. 89.900 án vsk</p>
 <p>SMS G-20 SMS J-20 SMS K-20</p> <p>SMS READY</p> <p>Brand Colour Passport</p>	<p>SMS P-22 - SMS vörulitavegabréf</p> <p>Vegabréfið inniheldur hágæða sýnishorn af merki fyrirtækis og hverjum SMS lit fyrir sig í sRGB sniði ásamt ítarlegum upplýsingum um litina og hvernig á að umbreyta þeim fyrir aðra miðla, þar með talið fyrir prentun í CMYK eða ECG.</p> <p>Kr. 28.900 án vsk</p>
 <p>SMS G-20 SMS J-20 SMS K-20</p> <p>SMS READY</p> <p>Printing</p> <p>Name of print shop</p> <p>ECO colours STANDARD colours MAX colours SuperMAX colours</p> <p>MAX dE: Valid until Certificate No</p>	<p>SMS P-45 - SMS READY full vottun f. prentsmiðjur</p> <p>Vottunin staðfestir að viðkomandi prentsmiðja geti prentað stakar SMS litapalettur og CMYK ljósmyndir innan vikmarka upp á dE00 3 eða minna. Allir litir viðkomandi litapalettu/paletta mældir og skráðir.</p> <p>Kr. 142.500 án vsk per prentsmiðju per ár.</p>
 <p>SMS G-20 SMS J-20 SMS K-20</p> <p>SMS READY</p> <p>Printing</p> <p>Name of print shop</p> <p>ECO colours STANDARD colours MAX colours SuperMAX colours</p> <p>MAX dE: Valid until Certificate No</p>	<p>SMS P-44 - SMS READY grunnvottun f. prentsmiðjur</p> <p>Vottunin gefur sterka vísbendingu um að viðkomandi prentsmiðja geti prentað stakar SMS litapalettur og CMYK ljósmyndir innan vikmarka upp á dE00 3 eða minna. SMS READY litaborði mældur.</p> <p>Kr. 41.900 án vsk per prentsmiðju per ár.</p>

SPOT






matching system

 <p>Brand name: Spot Nordic - ID 001A Job: <i>Business cards (handwritten)</i> Paper: <i>Munken Lynx 300gr</i> Print icc standard: <i>LYNX icc (FOGRA47)</i> SMS standard: SMS Standard v7</p> <p>SMS J-20 SMS J-42 SMS H-42 SMS D-42</p> <p>P6d</p>	<h3>SMS P6 - litasýnishornamiðar</h3> <p>Stærð: 7,6 x 10,5 cm pr. miða, pr. lit: 2 x 1,2 cm.</p> <p>SMS litir viðskiptavinar. Sendist með verkefni fyrir prentun eða aðra framleiðslu og fyrir sjónrænt gæðaeftirlit innan fyrirtækis.</p> <p>Fáanlegt á húðaðan eða óhúðaðan pappír. 8, 16 eða 32 miðar pr. örk. P6C (húðaður pappír): Kr. 2.190 án vsk pr. miða. P6U (óhúðaður pappír): Kr. 2.190 án vsk pr. miða.</p> <p>Stafræn útgáfa: P6d: afhent í PDF og PNG sniði: Kr. 8.900 án vsk</p>														
<p>Do you know what a media neutral colour means? We have 1.738 media neutral colours, suited for anything.</p> <p>Visit the TECHKON stand at Drupa to see for yourself and try out the only SMS READY Spectro-Densitometer in the world in Hall 9/A03.</p>  <table border="1"><tr><td>SMS A-121</td><td>SMS B-121</td><td>SMS C-121</td><td>SMS D-121</td><td>SMS E-121</td></tr><tr><td>SMS A-122</td><td>SMS B-122</td><td>SMS C-122</td><td>SMS D-122</td><td>SMS E-122</td><td>SMS F-122</td><td>SMS G-122</td><td>SMS H-122</td><td>SMS I-122</td></tr></table> <p>SPOT matching system</p> <p>SMS G-20 SMS J-20 SMS K-20</p> <p>SMS READY TECHKON SpectroDens - Spectro-Densitometer</p>	SMS A-121	SMS B-121	SMS C-121	SMS D-121	SMS E-121	SMS A-122	SMS B-122	SMS C-122	SMS D-122	SMS E-122	SMS F-122	SMS G-122	SMS H-122	SMS I-122	<h3>TECHKON SpectroDens litrófsmælir</h3> <p>TECHKON SpectroDens Spectro Densitometer mælirinn er einn vandaðasti litrófsmælir í heimi. Mælirinn hentar fullkomlega til notkunar í prentsál en er einnig afar gagnlegur til að fylgjast nákvæmlega með framleiðslu og nákvæmni í framleiðslu og prentun, þar sem krafist er nákvæmni þegar kemur að litum.</p> <p>Öll 6 SMS v7 litakerfin (TECHKON Colorbook) fylgja með SpectroDens litrófsmælinum í Advanced og Premium útfærslunni af mælinum.</p> <p>Mælirinn er einnig eini litrófsmælirinn á markaðnum sem er með formlega SMS READY vottun.</p> <p>Verð frá kr. 899.000 án vsk. Pay&Pay kjör í boði.</p> <p>Sjá nánar verðskrá TECHKON hér.</p>
SMS A-121	SMS B-121	SMS C-121	SMS D-121	SMS E-121											
SMS A-122	SMS B-122	SMS C-122	SMS D-122	SMS E-122	SMS F-122	SMS G-122	SMS H-122	SMS I-122							
 <p>SPOT matching system</p> <p>SMS READY Laptop</p>	<h3>SMS P60 - Home & Office</h3> <p>Vönduð og létt PC fartölva sérsníðuð fyrir grafiska vinnslu með SMS ECO og Home & Office litapalettunum sem fylgja með í kaupunum. Skjárinn sýnir u.þ.b. 60% af sRGB litasviðinu sem er tiltölulega algengt og því ættu hönnuðir sem eru í vörumerkjahönnun tvímælalaust að íhuga að nota SMS ECO eða Home & Office litakerfin (Standard eða MAX) til að tryggja að ekki séu notaðir litir fyrir vef sem birtast ekki rétt fyrir stóran hluta viðskiptavina.</p> <p>Sjá nánar www.spot-nordic.com/isenska/tiptop</p> <p>Verð frá kr. 79.900 án vsk</p>														



SPOT

matching system

	<p>P52a: Calibrite Display Display 123 + SMS litapaletta Colour correct your monitor... Easy as 1-2-3.</p> <p>Einfaldur og þægilegur skjámælir með hugbúnaði til að halda skjálitum réttum. Hægt er að stilla allt að 2 skjái, allt að 1.000 nits. .</p> <p>SMS litakerfi að eigin vali fylgir með í kaupunum. Sjá nánari upplýsingar á vefsíðunni www.spot-nordic.com/islenska/tiptop.</p> <p>Kr. 37.900 án vsk</p>
	<p>P52b: Calibrite Display Display Pro HL + SMS litapaletta</p> <p>Hágæða skjástillir þróaður af Xrite með Calibrite hugbúnaði Mælir allt að 3,000 nits LCD, mini-LED, OLED skjái og Apple XDR skjái Einnig er hægt að stilla skjávarpa með þessum mæli.</p> <p>SMS litakerfi að eigin vali fylgir með í kaupunum. Sjá nánari upplýsingar á vefsíðunni www.spot-nordic.com/islenska/tiptop.</p> <p>Kr. 49.900 án vsk</p>
	<p>P52c: Calibrite Display Display Plus HL + SMS litapaletta</p> <p>Hágæða skjástillir þróaður af Xrite með Calibrite hugbúnaði Mælir allt að 10,000 nits LCD, mini-LED, OLED skjái og Apple XDR skjái Einnig er hægt að stilla skjávarpa með þessum mæli.</p> <p>SMS litakerfi að eigin vali fylgir með í kaupunum. Sjá nánari upplýsingar á vefsíðunni www.spot-nordic.com/islenska/tiptop.</p> <p>Kr. 59.900 án vsk</p>
 <p>Powered by  xrite</p>	<p>P52d: ColorChecker Studio + SMS litapaletta</p> <p>Frábær lausn fyrir fagfólk sem vill geta stillt skjá, myndvarpa, myndavél, skanna og útprentun með sama tækinu.</p> <p>SMS litakerfi að eigin vali fylgir með í kaupunum. Sjá nánari upplýsingar á vefsíðunni www.spot-nordic.com/islenska/tiptop.</p> <p>Kr. 95.900 án vsk</p>



SPOT

matching system



P53a: Hönnun: grunnpakinn SMS litapaletta + Þjálfun + Pantone Formula Guide

Sniðugur pakki fyrir fagfólk sem þarf bæði að geta hannað fyrir vef, fyrir sjónvarp, fyrir 4 lita prentun og í sérlitum.

SMS READY Expert pakinn (þjálfun + litapaletta að verðmæti kr. 37.500 án vsk) + PANTONE Formula Guide (að verðmæti kr. 39.900 án vsk) - sjá

<https://spot-nordic.com/islenska/pantone/grafik.pdf>

Kr. án vsk 49.900 án vsk



P53b: Hönnun: Stóri pakinn SMS READY vottun fyrir auglýsingastofu (P43) + Pantone Solid Guide Set (GP1605B)

Öflugur pakki fyrir hönnunarstofur sem þurfa bæði að geta hannað fyrir vef, fyrir sjónvarp, fyrir 4 lita prentun og í sérlitum/effektum.

P43: SMS READY vottun, þjálfun fyrir 1 starfsmann + allar 6 SMS litapalettur að verðmæti kr. 89.900 án vsk) + PANTONE Solid Guide Set (að verðmæti kr.72.900 án vsk) - sjá <https://spot-nordic.com/islenska/pantone/grafik.pdf>

Kr. án vsk 139.900 án vsk

Nánari upplýsingar um SMS litakerfið á íslensku er að finna á vefsíðunni www.spotmatchingsystem.com/islenska og á ensku á vefsíðunni www.spotmatchingsystem.com.

Vinsamlega sendið pantanir eða fyrirspurnir á support@spotmatchingsystem.com eða hafið samband við undirritaðan í síma 896 9790 til að ræða málin.

Ingi Karlsson

Framkvæmdastjóri og eigandi





SPOT

matching system



	ECO (P20e)	Standard (P20o) Home & Office	Standard (P20)	MAX (P20xo) Home & Office	MAX (P20x)	SuperMAX (P20sx)
45% NTSC (most PC laptops) (Web/UI/AR/VR)	■	■		■		
sRGB (Web/UI/AR/VR)	■	■	■	■	■	■
REC. 709 RGB (Video graphics)	■	■	■	■	■	■
REC. 2020 RGB (Video graphics)	■	■	■	■	■	■
FOGRA58 RGB (Digital Printing on Textile)	■	■	■	■	■	
UCD - Premium Coated ISO 12647-2_2026 (Premium Coated paper)	■	■	■	■	■	
FOGRA39/ISO COATED V2 (Premium Coated paper)	■	■	■	■	■	
FOGRA51/PSO COATED V3 (Premium Coated paper)	■	■	■	■	■	
Japan Color 2011 (Premium coated paper)	■	■	■	■	■	
GRACoL 2006 (Premium coated paper)	■	■	■	■	■	
FOGRA47/ISO UNCOATED V2 (Premium Uncoated paper)	■	■	■			
FOGRA52/PSO UNCOATED V3 (Premium Uncoated Paper)	■	■	■			
SWOP COATED3 v2 Web offset, grade#3 paper	■	■	■	■	■	
SWOP COATED5 v2 Web offset, grade#5 paper	■					
UNIVERSAL-XL (CGATS21-2 CRPC7) Universal extra large gamut	■	■	■	■	■	■
GRACOL2013-C1 (CGATS21-2 CRPC6) (Premium Coated paper)	■	■	■	■	■	
SWOP2013-C5 (CGATS21-2-CRPC5 SCCA) (Coated Publication Printing grade#5 paper)	■					
SWOP2013-C3 (CGATS21-2-CRPC5) (Coated Publication Printing grade#3 paper)	■					
CGATS21-2-CRPC4 (Super Calendared paper)	■					
GRACOL2013-UNC (CGATS21-2 CRPC3) (Premium Uncoated paper)	■	■	■			
HEATSET NEWS (CGATS21-2-CRPC2) Improved newsprint paper	■					
COLDSET NEWS CGATS21-2 CRPC1 Coldset Newspaper	■					
WAN - IFRA ISO 12647-3 - Newspaper	■					
Arctic Paper Munken Lynx White Uncoated Paper (FOGRA47)	■	■	■			
Arctic Paper Munken Pure Off-White Uncoated Paper	■					
FOGRA59/eciCMYKv2 - extended gamut Premium Coated paper (FOGRA51)	■	■	■	■	■	■
GRACoL XCMYK extended gamut Premium Coated paper (CRPC6)	■	■	■	■	■	■